

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. apríl 2012
UST20120300049/dg

Efni: Deiliskipulag - Skaftafelli

Vísað er til erindis yfirmanns umhverfis- og skipulagsmála Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Skaftafells í Vatnajökulsþjóðgarði sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þjóðgarður var stofnaður í Skaftafelli árið 1967 og árið 2008 varð hann hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Markmið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs eru að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir, menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Þjóðgarðinum er einnig ætlað að styrkja byggð og atvinnuþróun í nágrenni hans og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlífi og minningarminjum á svæðinu.

Um þjóðgarðinn gilda lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð og reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð byggist á ofangreindum lögum og reglugerð, þar sem sett er fram almenn stefna og skilmálar fyrir einstök svæði. Rammaákvæði eru fyrir skipulagsgerð og skilmálar um ýmis framkvæmdaratriði til þess að tryggja að þróun þjóðgarðsins samræmist stefnu um verndun og sjálfbæra þróun. Sveitastjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð, skipulagsuppdrætti og skýringaruppdráttum. Umhverfisskýrsla er samtvinnuð deiliskipulagsgreinargerðinni.

Almennt um framkvæmd

Umhverfisstofnun bendir á að heildarstærð skipulagssvæðisins kemur ekki fram en svæðið nær til þjónustuhlaðs í Skaftafelli - þjónustumiðstöðvar, gistiflata og Sandasels á aurunum framan við Bæjarsker og Böлта - og syðsta hluta Skaftafellsheiðar - bæjarhlaða Hæða, Sels og Böлта og brekkufótans og giljanna austan og sunnan við þau.

Fram kemur í greinargerð að megin tilgangur deiliskipulagsins sé að skilgreina ramma um mannvirkjagerð og aðgerðir svo hægt verði að taka á móti vaxandi fjölda ferðamanna án þess að spilla svæðinu. Lögð er áhersla á að útlit og yfirbragð mannvirkja verði samræmt og nýbyggingar og framkvæmdir lúti landslaginu og skírskoti til byggingarhefðar svæðisins þar sem kostur er

Vegir og bílastæði

Í tillögu að deiliskipulagi eru sýndar tvær aðkomur að aðstöðu starfsfólks við Sandasel og Sandakot. Umhverfisstofnun telur að endurbætur á núverandi aðkomu muni ná að þjóna þessari húsaþyrpingu og að athuga ætti hvort að ekki sé óþarft að fara í frekari vegaframkvæmdir eins og lagt er upp með í tillögu að deiliskipulagi.

Samkvæmt greinargerð er núverandi fjöldi bílastæða um 100 stæði og er áætlun samkvæmt deiliskipulaginu að tvöfalda þann fjölda og gera ráð fyrir að allt að tíu til fimmtán rútur geti staðið í hlaðinu í einu. Bílastæði við þjónustumiðstöð verða því stór en þau brotin upp með gróðri til þess að lágmarka áhrif þeirra á umhverfið, Umhverfisstofnun vekur athygli á því að engar gönguleiðir eru sýndar innan bílastæðisins sem myndi auka öryggi gesta svæðisins.

Frárennsli

Innan deiliskipulagsins eru sýndar níu rotþrær, sjö á þjónustusvæði og tvær við starfsmannahús við Sandasel. Ekki kemur fram í greinargerð deiliskipulagsins hvernig siturlögnum við áætlaðar rotþrær verði háttað. Tekið er fram í greinargerð að ef þörf verður á mun verða dælt úr rotþróum og seyran eða skólpið flutt til förgunar. Ekki kemur fram hvernig frárennismálum er háttað í dag eða hvernig núverandi lausnir hafa reynst. Fram kemur í umhverfismati í greinargerð deiliskipulagsins að gestir í Skaftafelli árið 2000 voru 147.000 og samkvæmt teljara sem komið var fyrir í anddyri upplýsingamiðstöðvarinnar voru 263.306 komur í miðstöðina árið 2009. Einnig kemur fram í umhverfismatinu að talið er líklegt að gestum í Skaftafelli haldi áfram að fjölga. Umhverfisstofnun bendir á að rotþrær af þeirri stærð sem sinna eiga þessum fjölda þurfa umfangsmiklar siturlagnir. Í greinargerð skipulagsins kemur fram að breytingar hafa orðið á vatnakerfi svæðisins og talið er að grunnvatnsstaða eigi eftir að lækka. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi frárennismál svæðisins nánar og finna lausn sem er í samræmi við áætlaðan fjölda ferðamanna og með teknu tilliti til breytinga sem hafa átt sér stað í vatnakerfi svæðisins, viðkvæmni og stöðu svæðisins.


Vatnsból

Umhverfisstofnun bendir á að á deiliskipulagsuppdraetti eru sýnd fjögur vatnsból en einungis er sýnd afmörkun verndarsvæðis við tvö þeirra. Umhverfisstofnun bendir einnig á að stutt er á milli vatnsbóls og rotþróar sem staðsett er norðan við núverandi þjónustumiðstöð. Umrædd rotþró er utan skilgreinds verndarsvæðis vatnsbólsins en siturlögn hennar er ekki sýnd á uppdraettinum. Umhverfisstofnun vill beina þeim tilmælum til sveitarfélagsins að staðsetning umræddrar rotþróar og siturlagnar hennar verði endurskoðuð ef ekki verða fundnar aðrar lausnir í frárennismálum en koma fram í deiliskipulaginu.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu deiliskipulag Skaftafells í Vatnajökulsþjóðgarði.

Virðingarfyllst


Aqalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Drífa Guðstafsdóttir
sérfræðingur

Skipulagsstofnun